

Mál nr. 161/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Öxnadagsheiði þann 16.07. 2006

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.08. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.09. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni B var ekið á eftir A. Á vegarkafla þar sem vegaframkvæmdir voru í gangi tók B fram úr A. Ökumaður A segir að B hafi tekið fram úr þar sem lausamöl var á veginum og að grót hafi kastast á bifreiðina A. Ökumaður B viðurkennir að hafa ekið fram úr á umræddum stað, en hann telur að einungis hafi þar verið lítið um lausamöl.

Vátryggingafélag A vísar til þess að framúrakstur sé bannaður á þessum stað. Það telur með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum að nægjanlega sé sannað að B hafi valdið tjóni á A sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélag B telur telur ósannað að B hafi valdið tjóni á A. Engin vitni styðji frásögn ökumanns A.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á því að hafa valdið tjóni á A við framúraksturinn. Á umræddum stað er framúrakstur óheimill og verður B að bera halla af sönnunarskorti í máli þessu.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á því tjóni sem varð á A við framúrakstur bifreiðarinnar.

Reykjavík 26. september 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.